

**3606. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
fimmtudaginn 23. október 2025 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2505217 - Fjárhagsáætlun 2026 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2027-2029

Fastur fundarliður bæjarráðs fram að samþykkt fjárhagsáætlunar. Kristjana Helga Ólafsdóttir fjármálastjóri situr fundinn undir þessum dagskrárlið sem og undir liðum nr. 2 og nr. 3.

Málið verður til áframhaldandi vinnslu á næsta fundi bæjarráðs þann 30. október nk.

Samþykkt 3:0

2. 2510100 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands - Fjárhagsáætlun 2026

Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir árið 2026 ásamt greinargerð vegna tillögu um nýjan starfsmann sem mun sinna tiltekt á lóðum. Gjaldskrá fyrir heilbrigðis-, mengunarvarna- og matvælaeftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

Bæjarráð felur sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs frekari úrvinnslu málsins og afgreiðslu frestað til næsta fundar bæjarráðs.

Samþykkt 3:0

3. 2507075 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun vegna ársins 2026 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2027 til og með 2029.

Framhald málsins eftir vinnufund bæjarstjórnar þann 9. október sl. Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfisráðs situr fundinn undir þessum dagskrárlið.

Málið verður til áframhaldandi vinnslu á næsta fundi bæjarráðs þann 30. október nk.

Samþykkt 3:0

Sigurður Páll Harðarson og Kristjana Helga Ólafsdóttir víkja af fundi.

4. 2510098 - 81. mál til umsagnar - Sveitarstjórnarlög - fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn - frestur til og með 29. október nk.

81. mál til umsagnar - Sveitarstjórnarlög - fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn - frestur til og með 29. október 2025.

Lagt fram.

5. 2506125 - Golfklúbburinn Leynir - æfingaaðstaða innanhúss

Málið var á dagskrá bæjarráðs þann 16. október sl. og samningsdrög, eins og þau lágu fyrir fundinum, send til umsagnar GL og skóla- og frístundaráðs en það ráð fundar þann 22. október nk. og því sá möguleiki til staðar að umsögn ráðsins liggi fyrir á fundi bæjarráðs þann 23. október nk.

Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs situr fundinn undir þessum dagskrárlið.

Bæjarráð þakkar skóla- og frístundaráði og forsvarsmönnum GL fyrir umsagnirnar.

Bæjarráð felur sviðsstjórum skóla- og frístundasviðs og stjórnsýslu- og fjármálasviðs frekari úrvinnslu málsins með fulltrúum GL og koma með fullbúinn samning á næsta fund bæjarráðs þann 30. október nk.

Samþykkt 3:0

Dagný Hauksdóttir vikur af fundi.

6. 2504070 - Fundir bæjarráðs 2025

Ákvörðun um aukafundi bæjarráðs vegna afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2026.

Bæjarráð samþykkir að aukafundir verði í bæjarráð þann 6. nóvember nk. kl. 08:15 og þann 4. desember nk. kl. 08:15 en báðir fundirnir tengjast afgreiðslu fjárhagsáætlunar vegna ársins 2026.

Þá samþykkir bæjarráð einnig að aukafundur verði þann 4. desember nk. kl. 16:00 vegna úthlutunar lóða á sementsreit en umsóknarfrestur vegna þessa er til kl. 12:00 þann 27. nóvember nk.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:00.